

## FRÁSÖGN

af fundum framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA í Buenos Aires og Montevideo  
16.–20. apríl 2018.

Markmið heimsóknar þingmannanefndar EFTA til Buenos Aires og Montevideo var að eiga viðræður við þingmenn, ráðherra, stofnanir og hagsmunaaðila í Argentínu og Úrúgvæ um fríverslunarmál og aukið efnahagslegt samstarf við EFTA. Fríverslunarviðræður standa yfir á milli EFTA og Mercosur sem er tollabandalag fjögurra Suður-Ameríkuríkja, Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA áttu sæti í sendinefndinni Smári McCarthy og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir auk Stígs Stefánssonar ritara.

Fríverslunarsamningum hefur fjölgað ört á undanförunum árum og hafa samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða eða marghliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA nú 27 talsins og taka til 38 ríkja. Þingmannanefnd EFTA hefur stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna og hefur beitt sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga við EFTA.

Eitt af markmiðum EFTA með því að byggja upp net fríverslunarsamninga er að tryggja samkeppnishæfni fyrirtækja innan EFTA-ríkjanna gagnvart fyrirtækjum innan ESB á viðkomandi markaði. Mercosur hefur átt í fríverslunarviðræðum við ESB með hléum frá árinu 2000. Stærstu áskoranir í viðræðunum hafa verið krafa Mercosur um viðtæka verslun með landbúnaðarvörur og krafa ESB um aukna opnun á frjáls þjónustuviðskipti. Á síðustu mánuðum hefur gætt vaxandi bjartsýni á að viðræðulok séu í nánd og að samningur ESB og Mercosur geti legið fyrir á þessu ári. Fríverslunarviðræður EFTA og Mercosur hófust í júní 2017 og hafa þrjár samningalotur farið fram.

Í Buenos Aires átti sendinefnd EFTA-þingmanna m.a. fundi með Gabrielu Michetti varaforseta, þingnefndum sem fjalla fríverslunarmál undir forustu Corneliu Schmidt Liermann formanns utanríkismálanefndar, Horacio Reyser, ráðherra efnahagssamskipta í utanríkisráðuneytinu, Lucio Castro, ráðherra umbótamála í ráðuneyti framleiðslu, og Santiago del Solar, ráðuneytisstjóra í landbúnaðariðnaðarráðuneytinu. Meginskilaboð sendinefndar EFTA á öllum fundum voru þau að fríverslunarsamningur á milli EFTA og Mercosur mundi efla viðskipti og efnahagslega samvinnu á milli samtakanna og það mundi einnig hafa í för með sér aukna samvinnu EFTA og Mercosur á öðrum sviðum. Í yfirstandandi samningaviðræðum EFTA og Mercosur væri mikilvægt að taka tillit til þeirra geira sem eru viðkvæmir til þess að ná samningi sem væri hagkvæmur báðum aðilum. Landbúnaður í EFTA-ríkjunum væri þannig viðkvæmur.

Auk þess sem formaður þingmannanefndar EFTA hélt framsögu með fyrirnefndum meginskilaboðum á öllum fundum í Buenos Aires gafst formönnum einstakra landsdeilda færi á að ræða tvíhliða viðskiptatengsl við Argentínu. Smári McCarthy lagði áherslu á að þó að viðskipti Íslands og Argentínu væru lítil væru mikil sóknarfæri í fríverslunarsamningi, sér í lagi á sviði sjávarútvegs og jarðvarmavirkjunar. Nefndi Smári sem dæmi að nokkur viðskipti hefðu verið með vélbúnað til matvælaframleiðslu í sjávarútvegi frá Íslandi til Argentínu.

Argentínskir viðmælendur sendinefndar EFTA voru jákvæðir gagnvart yfirstandandi fríverslunarviðræðum Mercosur og EFTA og sögðu þær hluta af umbótum í argentínsku efnahagslífi sem hófust árið 2015 og felast m.a. í því að Argentína hefji fulla þátttöku í alþjóðaviðskiptum að nýju eftir lokun síðustu áratuga. Í Brasilíu gætti líka aukinnar áherslu á opnun gagnvart alþjóðaviðskiptum en Argentína og Brasilía töldust annað og fjórða lokaðasta hagkerfi heims árið 2016 ef horft var til hlutfalls utanríkisviðskipta af vergri landsframleiðslu. Unnið væri að kerfisbreytingum í efnahagslífi Argentínu sem miðuðu að því að draga úr viðskiptahindrunum og hindrunum á fjármagnsflæði, minnka fjárlagahalla ríkisins og koma

böndum á verðbólgu. Þó var lögð áhersla á að ákveðnar greinar iðnaðar væru lítt undirbúnar fyrir erlenda samkeppni og þyrftu aðlögunartíma þegar létt yrði á innflutningshindrunum. Argentínsk stjórnvöld vilja auka erlenda fjárfestingu í landinu og var sjávarútvegur tiltekinn sem grein þar sem erlend samvinna og fjárfesting væri æskileg. Sjávarútvegur var sú grein sem óx hraðast í argentínsku efnahagslífi árið 2017.

Í Montevideo átti sendinefnd EFTA m.a. fundi með Lucíu Topolansky varaforseta, Rodolfo Nin Novoa utanríkisráðherra og þingnefndum sem fara með fríverslunarmál auk þess að heimsækja höfuðstöðvar Mercosur. Meginskilaboð sendinefndarinnar voru þau sömu og á fundunum í Argentínu, þ.e. að fríverslunarsamningur á milli EFTA og Mercosur mundi efla viðskipti og efnahagslega samvinnu á milli samtakanna og það mundi einnig hafa í för með sér aukna samvinnu EFTA og Mercosur á öðrum sviðum utan viðskipta.

Viðmælendur sendinefndar EFTA í Montevideo voru bjartsýnir á lok fríverslunarviðræðna Mercosur og ESB og töldu að viðræður við EFTA myndu ganga mun hraðar fyrir sig í kjölfarið. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi frjálsra viðskipta fyrir Úrúgvæ en sögðu, líkt og viðmælendur í Argentínu, nokkra geira vera viðkvæma fyrir opnun og að sérstakt tillit þyrfti að taka til þeirra. Mercosur væri full alvara í að efla þátttöku sína í alþjóðaviðskiptum auk þess að auka viðskipti milli aðildarríkjanna fjögurra og vísuðu viðmælendur til stefnubreytingar stærstu ríkjanna, Argentínu og Brasilíu, máli sínu til stuðnings.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu [www.efta.int](http://www.efta.int).